



Alþingi

Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 4. mars 2015  
erindi nr. 201502134 FMR

**Tilkynning um afgreiðslu á erindinu: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um orlof húsmæðra (afnám laganna), 339. mál.**

Á 2998. fundi Bæjarráðs Vestmannaeyja þann, 3.3.2015, var erindið hér að neðan tekið til umfjöllunar og svohljóðandi bókun gerð:

---

Bæjarráð hvetur alþingi mjög eindregið til að afnema lög um orlof húsmæðra og tekur þar með undir samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyja á kvennréttindadaginn 19.júni 2008. Bæjarráð telur að lög um að orlofsnefndir skipuleggi orlof húsmæðra hver í sínu umdæmi og sjái um rekstur orlofsheimila á kostnað bæjarins sé tímasekkja. Gildandi lög um húsmæðraorlof eru frá 1972 og sett í þeim anda sem ríkti þá og miðast við þjóðfélag þess tíma. Þau eru því ekki í anda þess jafnréttis sem nú er unnið að og árangur hefur náðst í enda taka þau einungis til annars kynsins og fela því í sér mismunun.

Minnt er á að í kjölfar fyrirspurnar Vestmannaeyjabæjar árið 2007 svaraði Jafnréttisstofa því til að hún teldi líkur á að lög um orlof húsmæðra teljist brot á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Stofan áréttaði þó jafnframt að það sé Alþingis að afnema hin umræddu lög.

Bæjarráð bendir á að upphafsorð 1. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hljóðar svo: Markmið laga þessara er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Í ákvæðinu eru taldar upp nokkrar leiðir til að ná fram markmiði laganna, m.a. að gæta jafnréttissjónarmiða og vinna að kynjasambættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum samfélagsins auk þess að gera bæði konum og körlum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Ein af þeim leiðum sem nefndar eru til að ná fram markmiði laganna er að bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu. Löggjafinn gerir því ráð fyrir að sum úrræði sem gripið er til nýtist konum fremur en körlum. Með hliðsjón af jafnréttissjónarmiðum og grundvallarreglum stjórnskipunarinnar er þó augljóst að slíkum úrræðum verður eingöngu beitt þegar nauðsyn krefur til og að rétta hlut kvenna þar sem á hefur hallað. Verður ekki séð að lög um orlof húsmæðra uppfylli þetta skilyrði enda fá húsfæður og eða ekkjar ekki notið til jafns við konur þess orlofs sem löggin kveða á um. Ljóst má því telja að lög um orlof húsmæðra brjóta gegn lögum um jafna stöðu karla og kvenna og grundvallarreglum íslenskrar stjórnskipunnar.



Vestmannaeyjabær

Afgreiðsla þessi er háð samþykki bæjarstjórnar, og verður þóur tilkynnt tafarlaust ef hún breytist.

Virðingarfyllst,



Fjola Margrét Róbertsdóttir  
Þjónustufulltrúi



RÁÐHÚSINU  
902 VESTMANNAEYJUM  
PÓSTHÓLF 60  
SÍMI 488-2000  
TELEFAX 488-2001  
KENNITALA 690269-0159